



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Kynning fyrir Austurbrú

Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)

3. júní 2021

*Páll Björgvin Guðmundsson skilar kærri
kveðju til gömlu félaganna*



Innihald kynningar




1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040
2. Reynsla af svæðisskipulagi eftir samþykki
3. Dæmi um verkefni sem svæðisskipulag hefur getið af sér
4. Hvernig var að koma í starfið þegar framtíðarsýnin lág fyrir?

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040



Höfuðborgar- svæðið

Reykjavík	56.3 %
Kópavogur	16.2%
Hafnarfjörður	12.5%
Garðabær	7.5%
Mosfellsbær	5.3%
Seltjarnarnes	2%
Kjós	0,1%
Mannfjöldi 01.01.2021	236.522



KORT 1 – SVEITARFÉLÖG SEM MYNDA HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 nær yfir allt landsvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélagamörk eru byggð á grunni Landmælinga Íslands, en óvissa ríkir um legu þeirra á vissum stöðum.

KJÓSARHREPPUR
REYKJAVÍKURBORG
MOSEFELLSBÆR
KÓPAVOGSBÆR

GARÐABÆR
HAFNARFJARDARKAUPSTAÐUR
SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

Höfuðborgarsvæðið 2040



Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknastofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórri nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir.

Undirritun svæðisskipulags



1 Sýn

6 Leiðarljós

17 markmið

142 aðgerðir

1. Hagkvæmur vöxtur
2. Skilvirkar samgöngur
3. Sókn og samkeppnishæfni
4. Heilnæmt umhverfi
5. Gott nærumhverfi
6. Árangursríkt samstarf

LEIÐARLJÓÐ 1 Hagkvæmur vöxtur Skýr mörk eru dregin milli þéttbýlis og dreifbýlis. Vaxtarmörk beina vexti í auknum mæli að kjörnum og þróunarsvæðum með háu þjónustustigi almenningssamgangna. Með samgöngumiðaðri, blandaðri uppbyggingu mun íbúum og störfum fjölga án þess að álag á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins aukist í sama hlutfalli. Með uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna og almannaþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum. Gott ræktarland er verðmæti sem haldið er við með vaxtarmörkum. Staðbundin matvælaframleiðsla færir í vöxt og mikilvægt er fyrir borgarsvæðið að öflugur landbúnaður sé innan 50 km frá markaði. <td> LEIÐARLJÓÐ 2 Skilvirkar samgöngur Skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Áhersla er lögð á eflingu hagkvæmra, vistvænna samgöngumáta sem auka ekki álag á stofnvegakerfið. Skilvirkni samgangna á mælikvarða hagkvæmni og umhverfis er aukin. Þétt og aðlaðandi uppbygging íbúða og atvinnu í göngufæri frá almenningssamgöngumásum gefur einstaklingum og fjölskyldum fjölbreytta valkosti í vali á ferðamáta, sem styður við minni umhverfisáhrif, bættu lýðheilsu og sparnaði í samgöngukostnaði heimilanna. Stofnleiðir vega, almenningssamgangna, göngu og hjóleiða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það. <td> LEIÐARLJÓÐ 3 Sókn og samkeppnishæfni Höfuðborgarsvæðið er alþjóðlegt borgarsvæði. Það verður að standa jafnfætis sambærilegum borgarsvæðum í samkeppni um mannauð, fjármagn og fjárfestingar. Efnahagskerfi svæðisins byggist á margþættum grunni sem svarar atvinnuþörfum einstaklinga með ólíka menntun og starfsmannþörfum fyrirtekja. Grunnur að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins fæst með því að beina fjárfestingum í innviði sem auka við fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun og þekkingaruppbyggingu og sköpun verðmætra og vel launaðra starfa. </td></td>	LEIÐARLJÓÐ 2 Skilvirkar samgöngur Skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Áhersla er lögð á eflingu hagkvæmra, vistvænna samgöngumáta sem auka ekki álag á stofnvegakerfið. Skilvirkni samgangna á mælikvarða hagkvæmni og umhverfis er aukin. Þétt og aðlaðandi uppbygging íbúða og atvinnu í göngufæri frá almenningssamgöngumásum gefur einstaklingum og fjölskyldum fjölbreytta valkosti í vali á ferðamáta, sem styður við minni umhverfisáhrif, bættu lýðheilsu og sparnaði í samgöngukostnaði heimilanna. Stofnleiðir vega, almenningssamgangna, göngu og hjóleiða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það. <td> LEIÐARLJÓÐ 3 Sókn og samkeppnishæfni Höfuðborgarsvæðið er alþjóðlegt borgarsvæði. Það verður að standa jafnfætis sambærilegum borgarsvæðum í samkeppni um mannauð, fjármagn og fjárfestingar. Efnahagskerfi svæðisins byggist á margþættum grunni sem svarar atvinnuþörfum einstaklinga með ólíka menntun og starfsmannþörfum fyrirtekja. Grunnur að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins fæst með því að beina fjárfestingum í innviði sem auka við fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun og þekkingaruppbyggingu og sköpun verðmætra og vel launaðra starfa. </td>	LEIÐARLJÓÐ 3 Sókn og samkeppnishæfni Höfuðborgarsvæðið er alþjóðlegt borgarsvæði. Það verður að standa jafnfætis sambærilegum borgarsvæðum í samkeppni um mannauð, fjármagn og fjárfestingar. Efnahagskerfi svæðisins byggist á margþættum grunni sem svarar atvinnuþörfum einstaklinga með ólíka menntun og starfsmannþörfum fyrirtekja. Grunnur að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins fæst með því að beina fjárfestingum í innviði sem auka við fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun og þekkingaruppbyggingu og sköpun verðmætra og vel launaðra starfa.
LEIÐARLJÓÐ 4 Heilnæmt umhverfi Hreint loft, ómeðhöndlað drykkjarvatn, nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu og marka sérstöðu svæðisins umfram önnur borgarsvæði. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga greiðan aðgang að sameiginlegu útivistarsvæði umhverfis borgina. Þetta gefur þeim færi á að viðhalda góðri heilsu, slaka á og endurnærast, hvort sem um ræðir ströndina, Græna trefilinn, heiðar eða fjöll. Aukin samvinna er um nýtingu neysluvatns og viðhald vatnsverndar sem tryggir íbúum aðgang að hreinu og ódýru neysluvatni. <td> LEIÐARLJÓÐ 5 Gott nærumhverfi Höfuðborgarsvæðið samanstendur af ólíkum hverfum sem bjóða upp á mismunandi umhverfi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og atvinnulíf. Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðgang að viðeigandi húsnæðiskosti á viðráðanlegu verði á öllum stigum lífsins. Íbúðarbyggð þarf að mynda sólrið og skjólgóð nærsvæði, sem stuðla að samveru fólks nærri heimilum. Íbúar búa að góðu og vel hönnuðu borgarumhverfi, sem er í sátt við veðurfar, sólfar, fyrirbyggjandi umhverfi og sérstöðu hvers sveitarfélags. Sjálfbærar hverfiseiningar byggjast á fjölbreyttum húsakosti og blandaðri landnotkun með nærþjónustu í göngufæri og aðgengi að öflugum almenningssamgöngukerfi. <td> LEIÐARLJÓÐ 6 – Sjá 4. kafla Árangursríkt samvinna Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga með sér náið, viðvarandi samstarf og vinna sameiginlega að byggðaþróun með sérstaka áherslu á samþættingu skipulags byggðar, samgangna og þjónustuframboðs. Samstarfsvettvangur er á grunni SSH og verkefni unnin eftir stefnumótun svæðisskipulagsnefndar. Ein lykilaflur samstarfsins er virkt svæðisskipulag sem nalgast skipulag höfuðborgarsvæðisins heildstætt og leiðbeinir þróun þess í átt að hagkvæmni og sjálfbærni með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Gerð fjögurra ára þróunaráætlana og viðhald lykiltalna sem snerta viðfangsefni svæðisskipulagsins er grunnurinn að góðri eftirfylgni. Leitast er við að vikka samstarfið þannig að viðhald lykiltalna nái yfir allt suðvesturhorn landsins. </td></td>	LEIÐARLJÓÐ 5 Gott nærumhverfi Höfuðborgarsvæðið samanstendur af ólíkum hverfum sem bjóða upp á mismunandi umhverfi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og atvinnulíf. Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðgang að viðeigandi húsnæðiskosti á viðráðanlegu verði á öllum stigum lífsins. Íbúðarbyggð þarf að mynda sólrið og skjólgóð nærsvæði, sem stuðla að samveru fólks nærri heimilum. Íbúar búa að góðu og vel hönnuðu borgarumhverfi, sem er í sátt við veðurfar, sólfar, fyrirbyggjandi umhverfi og sérstöðu hvers sveitarfélags. Sjálfbærar hverfiseiningar byggjast á fjölbreyttum húsakosti og blandaðri landnotkun með nærþjónustu í göngufæri og aðgengi að öflugum almenningssamgöngukerfi. <td> LEIÐARLJÓÐ 6 – Sjá 4. kafla Árangursríkt samvinna Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga með sér náið, viðvarandi samstarf og vinna sameiginlega að byggðaþróun með sérstaka áherslu á samþættingu skipulags byggðar, samgangna og þjónustuframboðs. Samstarfsvettvangur er á grunni SSH og verkefni unnin eftir stefnumótun svæðisskipulagsnefndar. Ein lykilaflur samstarfsins er virkt svæðisskipulag sem nalgast skipulag höfuðborgarsvæðisins heildstætt og leiðbeinir þróun þess í átt að hagkvæmni og sjálfbærni með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Gerð fjögurra ára þróunaráætlana og viðhald lykiltalna sem snerta viðfangsefni svæðisskipulagsins er grunnurinn að góðri eftirfylgni. Leitast er við að vikka samstarfið þannig að viðhald lykiltalna nái yfir allt suðvesturhorn landsins. </td>	LEIÐARLJÓÐ 6 – Sjá 4. kafla Árangursríkt samvinna Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga með sér náið, viðvarandi samstarf og vinna sameiginlega að byggðaþróun með sérstaka áherslu á samþættingu skipulags byggðar, samgangna og þjónustuframboðs. Samstarfsvettvangur er á grunni SSH og verkefni unnin eftir stefnumótun svæðisskipulagsnefndar. Ein lykilaflur samstarfsins er virkt svæðisskipulag sem nalgast skipulag höfuðborgarsvæðisins heildstætt og leiðbeinir þróun þess í átt að hagkvæmni og sjálfbærni með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Gerð fjögurra ára þróunaráætlana og viðhald lykiltalna sem snerta viðfangsefni svæðisskipulagsins er grunnurinn að góðri eftirfylgni. Leitast er við að vikka samstarfið þannig að viðhald lykiltalna nái yfir allt suðvesturhorn landsins.

1 Sýn

6 Leiðarljós

17 markmið

142 aðgerðir

1. Hagkvæmur vöxtur
2. Skilvirkar samgöngur
3. Sókn og samkeppnishæfni
4. Heilnæmt umhverfi
5. Gott nærumhverfi
6. Árangursríkt samstarf

Framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 er í höndum svæðisskipulagsnefndar, skrifstofu SSH og sveitarfélaganna. Til að fylgja stefnunni eftir verða lagðar fram fjögurra ára þróunaráætlanir, þar sem koma fram samræmdar áætlanir sveitarfélaganna í uppbyggingu og aðgerðir til að ná fram settum markmiðum.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi. Sveitastjórnir tilnefna sína fulltrúa til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Nefndin er þannig skipuð:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir

Kópavogur:

Helga Hauksdóttir
Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjörður:

Ólafur Ingi Tómasson
Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson
Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson
Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir
Stefán Bergmann


KORT 2 – KJARNAR OG VAXTARMÖRK

Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Lega samgöngu- og þróunaráss er bindandi stefna töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning borgarlinu innan samgöngu- og þróunarása er útfærð aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga


Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.


- LANDSKJARNI
- SVÆÐISKJARNI
- BÆJARKJARNI
- SAMGÖNGU- OG ÞRÓUNARÁS
- VAXTARMÖRK
- VEGIR
- BORGARBYGGÐ (2012)



Dæmi um framsetningu korta í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Áhersla lögð á stefnur og breiðar línur, sem eru útfærðar nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga.





Dæmi um framsetningu korta í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Áhersla lögð á stefnur og breiðar línur, sem eru útfærðar nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga.

KORT 7 – NÁTTÚRA OG ÚTIVIST

Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Strandlengjan verður gerð eins aðgengileg og kostur er með samfelldum hjóla- og göngustígum. Skilgreina þarf skýrar

hjáleiðir um þar sem landnotkun og eignarhald takmarkar aðgengi.


Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

- GRÆNIR GEIRAR
- BORGARGARÐAR
- KIRKJUGARÐAR
- GRÆNI TREFILLINN
- GRÆNI STÍGURINN

- STRÖND
- BORGARBYGGÐ (2012)
- DREIFBÝLI
- VAXTARMÖRK
- VEGIR

KORT 11 – LANDNOTKUN MEGINDRÆTTIR

- LANDSKJARNI
- SVÆÐISKJARNI
- BÆJARKJARNI
- VAXTARMÖRK
- VEGIR
- FISKIHÖFN
- ALÞJÓÐAFLUGVÖLLUR
- VÖRUFLUTNINGAHÖFN
- STÓRIÐJA
- MIDSTÖÐ ÞEKKINGAR OG NÝSKÖPUNAR
- ÞÉTTBÝLI
- DREIFBÝLI
- NÁTTÚRA OG ÚTIVIST
- VATNSVERND
- MÖRK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



1 Sýn


6 Leiðarljós

17 markmið

142 aðgerðir

1. Hagkvæmur vöxtur
2. Skilvirkar samgöngur
3. Sókn og samkeppnishæfni
4. Heilnæmt umhverfi
5. Gott nærumhverfi
6. Árangursríkt samstarf

Svæðisskipulag nálgast viðfangsefni heildstætt, þvert á marga málaflokka. Ákvörðun á einum stað hefur áhrif á aðra.



Framfylgd

Dæmi um framfylgd: Nýtt aðalskipulag Kópavogs



Bejarstjórn Kópavogs samþykkti 8. desember 2020 tillögu skipulagsráðs að leita heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögunu ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 31. gr. sömu laga.
Bejarstjórn Kópavogs samþykkti 9. mars 2021 tillögu skipulagsráðs um að auglýsa uppfærða tillögu ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Tillaga, greinargerð, 24. nóvember 2020,

uppfærð í febrúar 2021 með tilvísan í ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2021



HEIMSMARKMIÐIN

LEIÐARLJÓS 1




Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

Vaxtarmörk marka skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Nýrri byggð verður fyrst og fremst beint á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunar-svæði. Samgöngu- og þróunarásar tengja sveitarfélögin saman og leggja grunn að nútíma almenningssamgöngum.

Síðustu áratugi hefur vöxtur höfuðborgarsvæðisins leitt til dreifðari byggðar og aukinna vegalengda íbúa að þjónustu, störfum og afþreyingu. Byggðapróun og uppbygging þjónustu hefur á köflum verið ómarkviss og stutt illa við markmið um sjálfbærni (Fylgirit 1B). Höfuðborgarsvæðið 2040 leggur megináherslu á að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt þannig að byggðin dreifi ekki óhóflega úr sér. Leiðarljós 1 styður sveitarfélögin við að ná fram hagkvæmum vexti í þróun byggðar og draga þar með úr útbenslu og óhagkvæmri uppbyggingu sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi og lífsgæði íbúa og takmörkuð jákvæð hagræn áhrif.

Samgöngu- og þróunarár er hryggjarstykkið í Höfuðborgar-



Þegar erindi berst frá sveitafélagi, t.d. um vinnslu nýs aðalskipulag, er óskað eftir að svæðisskipulagsnefnd rýni tillöguna m.t.t. gildandi svæðisskipulags.

Hefst þá rýni á helstu leiðarljósum svæðisskipulags, markmiðum og aðgerðum.

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 1, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 1.1** Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka.
- 1.2** Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%.
- 1.3** Gott landbúnaðarland verður nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi varðveitt.

MARKMIÐ 1.1

Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka.

Öll uppbygging þéttbýlis verður að eiga sér stað innan skilgreindra vaxtarmarka. Borgarbyggð er samheiti yfir allt þéttbýli (e. urban) innan vaxtarmarka. Nýrri íbúðarbyggð verður almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í þéttu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa. Með uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samganga, veitna og almennþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum.

Í slíkum tilvikum ráða skil takmarkandi landnotkunar. Með auknum þéttbýlismöguleikum á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum er gert ráð fyrir að vaxtarmörkin dugi vel fram yfir skipulagstímabilið. Því er mikilvægt að halda byggðinni ekki einungis innan þeirra heldur að sú byggð verði einnig í samræmi við markmið 1.2.

Byggðin verður látin þróast á þeim stöðum þar sem veðurfar og loftslagsbreytingar hafa minnst áhrif á búsetu. Að jafnaði skal velja byggðinni stað undir 100 m hæð yfir sjávarmáli þar


KORT 2 – KJARNAR OG VAXTARMÖRK

Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Lega samgöngu- og þróunaráss er bindandi stefna töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Nákvæm staðsetning borgarlinu innan samgöngu- og þróunarása er útfærð aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga

Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. Nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.

- LANDSKJARNI
- SVÆDISKJARNI
- BÆJARKJARNI
- SAMGÖNGU- OG ÞRÓUNARÁS
- VAXTARMÖRK
- VEGIR
- BORGARBYGGÐ (2012)



Þegar erindi berst frá sveitafélagi, t.d. um vinnslu nýs aðalskipulag, er óskað eftir að svæðisskipulagsnefnd rýni tillöguna m.t.t. gildandi svæðisskipulags.

Hefst þá rýni á helstu leiðarljósum svæðisskipulags, markmiðum og aðgerðum.

Svo að markmið 1.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

1.1.1 Svæðisskipulagsnefnd fylgist með og tryggir samræmi vaxtarmarka og aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga.

1.1.2 SSH uppfærir mannfjöldaspá við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar og miðlar þeim upplýsingum til svæðisskipulagsnefndar og sveitarfélaganna vegna nauðsynlegrar samræmingar.


Sveitarfélög og byggðarsamlög

1.1.3 Sveitarfélögin leggja vaxtarmörkin til grundvallar sínum aðalskipulagsáætlunum.


1.1.4 Sveitarfélögin, byggðarsamlög og veitustofnanir taki mið af framtíðar þéttbýlismörkum við þróun stoðkerfa.

Aðkoma og aðgerðir annarra

1.1.6 Ríkið taki mið af vaxtarmörkum í sinni stefnumótun og áætlanagerð.




Tillaga að nýju aðalskipulagi er metin m.t.t. stefnu svæðisskipulags. Kort til vinstri sýnir helstu stefnu um þéttingu í innsendri tillögu sem kallast á við kort um hagkvæman vöxt, sbr. kort f. neðan úr svæðisskipulagi.



Álit svæðisskipulagsnefndar koma fram í bókunum í fundargerð eða í umsögnum svæðisskipulagsstjóra sem er lögð fyrir nefndina.

Nefndin samþykkir hins vegar svæðisskipulag og breytingar á svæðisskipulagi.





STAÐAN 2020

Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

19. júní 2020

ATA

Staða leiðarljósanna

LEIÐARLJÓS 1

Hagkvæmur vöxtur



LEIÐARLJÓS 2

Skilvirkar samgöngur



LEIÐARLJÓS 3

Sókn og samkeppnishæfni



LEIÐARLJÓS 4

Heilnæmt umhverfi




LEIÐARLJÓS 5

Gott nærumhverfi



LEIÐARLJÓS 6 – Sjá 4. kafla

Árangursrík samvinna



Leiðarljós 1 Hagkvæmur vöxtur



Undir leiðarljósi 1 gengur almennt ágætlega að vinna að aðgerðum.

Leiðarljós 3 Aukin alþjóðleg samkeppni




Undir leiðarljósi 3 eru verkefni sem þarfnast meiri athygli.

Leiðarljós 5 Gott nærumhverfi




Undir leiðarljósi 5 gengur sumt vel en annað ekki.

Leiðarljós 2 Skilvirkar samgöngur




Undir leiðarljósi 2 gengur almennt vel að vinna að aðgerðum með örfáum undantekningum.

Leiðarljós 4 Heilnæmt umhverfi



Undir leiðarljósi 4 eru verkefni sem þarfnast meiri athygli.

Leiðarljós 6 Árangursríkt samstarf



Undir leiðarljósi 6 gengur almennt nokkuð vel að vinna að aðgerðum.

LEIÐARLJÓŚ 1

Hagkvæmur vöxtur



LEIÐARLJÓŚ 2

Skilvirkar samgöngur



LEIÐARLJÓŚ 3

Sókn og samkeppnishæfni



LEIÐARLJÓŚ 4

Heilnæmt umhverfi




LEIÐARLJÓŚ 5

Gott nærumhverfi







LEIÐARLJÓŚ 6 – Sjá 4. kafla

Árangursrík samvinna



Dæmi um verkefni með skýrskotun úr svæðisskipulagi


- Framkvæmd ferðavenjukönnunar
- Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga
- Leiðbeiningar um hönnun hjólastíga
- Mótun stofnleiða hjólreiða
- Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 20-24
 - Mæling Kolefnisfótspors
 - Samræming úrgangsflokkunar



Leiðbeiningar og stofnleiðir fyrir hjólreiðar



HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR
Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og
Vegagerðarinnar
19.12.2019





Skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Aðersla er lögð á eflingu

hagkvæmra, vistvænna samgöngumáta sem auka ekki álag á stofnvegakerfið. Skilvirkni samgangna á mælikvarða hagkvæmni og umhverfis er aukin.

Þétt og aðlaðandi uppbygging íbúða og atvinnu í göngufæri frá almenningssamgönguásum gefur einstaklingum og fjölskyldum fjölbreytta valkosti í vali á ferðamáta, sem styður við minni umhverfisáhrif, bætta lýðheilsu og sparnað í samgöngukostnaði heimilanna.

Stofnleiðir vega, almenningssamgangna, göngu og hjólréiða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stærri hverfiseiningar þeirra vel saman. Þessi stofnkerfi eru samþætt þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að nota fleiri en einn ferðamáta í hverri ferð kjósi þeir það.

MARKMIÐ 2.3

Hlutdeild göngu og hjólréiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.

Haldið verður áfram þeirri uppbyggingu helstu göngu- og hjólréiða innan þéttbýlis milli sveitarfélaga og hverfiseininga sem hafin er í samstarfi sveitarfélaganna og Vega-gerðarinnar. Helstu göngu- og hjólréiðir eiga að tengja allt þéttbýli höfuðborgarsvæðisins saman og auðvelda notkun virkra ferðamáta.

Eftirnefndar aðgerðir samhliða þeim skipulagsáherslum og aðgerðum sem settar eru fram undir leiðarljósi 2.1 styrkja til muna grundvöll þess að íbúar höfuðborgarsvæðisins geti valið að fara ferða sinna gangandi og hjólandi.

Við útfærslur helstu göngu- og hjólréiða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

2.3.1 Svæðisskipulagsnefnd setur fram viðmið um hönnun, merkingar og rekstur göngu- og hjólaleiða sem sveitarfélög hafa til hliðsjónar. Þannig verður unnið að samræmdri útfærslu og þjónustustigi á helstu göngu- og hjólaleiðum á svæðinu.

2.3.2 Við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar greinir svæðisskipulagsnefnd hvar bæta þarf helstu göngu- og hjólaleiðir eftir því sem höfuðborgarsvæðið þróast. Sú greining verði grundvöllur samvinnu við ríkið við gerð samgönguáætlunar og annarrar opinberrar stefnumótunar.

Sveitarfélög og byggðasamlög

2.3.3 Sveitarfélögin innleiða helstu göngu- og hjólaleiðir inn í aðalskipulagsáætlanir og útfæra þær nánar ásamt innri göngu- og hjólaleiðum sveitarfélaganna sem eiga að mynda heildstætt kerfi.

2.3.4 Sveitarfélögin tryggja að skilgreindu þjónustustigi á helstu göngu- og hjólaleiðum, sbr. aðgerð 2.3.1, verði náð.


2.3.5 Sveitarfélögin tryggja góðar göngu- og hjólaleiðir að/ frá stoppistöðvum hágæðakerfis og meginstoppistöðvum strætisvagnakerfis.

Aðkoma og aðgerðir annarra

2.3.6 Mikilvægt er að ríkið taki áfram þátt í að efla göngu og hjólreiðar sem valkosti í samgöngum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að jákvæðum áhrifum á heilsu manna.

2.3.7 Samgönguyfirvöld vinni að því í samgönguáætlun hverju sinni að vegfarendum verði tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi, óháð ferðamáta.

k sv **2.3.8** Vegagerðin vinni áfram með sveitarfélögum að uppbyggingu stofnleiða göngu og hjólreiða.



KORT 3 – HJÓLREIÐASTÍGAR OG TÍÐNI STRÆTISVAGNA

Kortið sýnir helstu göngu- og hjólaleiðir sem hafa svæðisbundið vægi og eru virkar árið 2014. Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum eftir því sem byggðin þróast. Til helstu göngu- og hjólaleiða flokkast einnig stígur yfir Fossvog sem er í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkur og Kópavogs. Nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Við útfærslu helstu göngu- og hjólaleiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

- HELSTU GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR (2014)
- STOPPISTÖÐVAR MEÐ HÁTT ÞJÓNUSTUSTIG (2014) FLEIRI EN 10 FERÐIR Á KLUKKUSTUND.
- STOPPISTÖÐVAR MEÐ MIÐLUNGS ÞJÓNUSTUSTIG (2014) 4-10 FERÐIR Á KLUKKUSTUND.

**SAMKOMULAG
UM SAMSTARF SSH OG VEGAGERÐARINNAR
UM PRÓUN SAMGÖNGUKERFA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) kt. 681077-0819 f.h. svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðin kt.680269-2899 gera með sér neðangreint samkomulag:

A: Inngangur – tilefni:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins hefur mótað tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040.

Ein megináhersla svæðisskipulagstillögunnar er að efla hagkvæma, vistvæna samgöngumáta þannig að hægt sé að mæta fyrirsjáanlegri fólksfjölgun án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Sömu áherslur liggja til grundvallar í samgönguáætlun ríkisins 2011-2022 sem Alþingi hefur samþykkt og má þar vísa til markmiða 1.2 um hagkvæmar samgöngur og 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Samvinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar er algjör forsenda þess að samgöngukerfin á höfuðborgarsvæðinu geti þróast á farsælan hátt til langrar framtíðar.

Kópavogi 17. apríl 2015



f.h. SSH



f.h. Vegagerðarinnar

2. Þróun stofnleiða hjólreiða – næstu skref

Verkefnið hefur skírskotun í svæðisskipulagstillöguna, markmið 2.3 *Hlutdeild göngu og hjólreiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%*, og er liður í eftirfarandi aðgerðum:

- A. Verkefnishópur fer yfir *leiðbeiningar Reykjavíkurborgar* (frá 2012) og *Vegagerðarinnar* (í vinnslu) um hönnun göngu- og hjólaleiða og merkingar og leggi til breytingar og viðbætur ef þörf krefur. Leiðbeiningarnar verða birtar og nýttar í uppbyggingu og uppfærslu stofnleiða um höfuðborgarsvæðið.
- B. Sveitarfélög fari yfir *tilhögun snjósmoksturs, hálkuvarna og hreinsun á göngu- og hjólreiðastígum*. Í framhaldinu verða í skýrslu sett fram sameiginleg viðmið sveitarfélaganna um ásættanlegt þjónustustig á stofnleiðum hjólreiða
- C. Metið verður hvort ástæða er til að endurskoða eða uppfæra fyrirbyggjandi áform um uppbyggingu stofnleiða hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu þegar lega samgöngu- og þróunaráss og fleiri atriði liggja fyrir. Útgangspunktur verður sameiginleg sýn sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar frá 2012 um þær leiðir sem sveitarfélögin og Vegagerðin munu fjármagna saman.

Verktími

Niðurstöður verkefnisins skulu liggja fyrir í lok árs 2016. Í kjölfarið innleiða sveitarfélögin breytingar á stofnstígakerfinu í aðalskipulagsáætlanir, og Vegagerðin í áætlanir ríkisins.



HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar

19.12.2019



Þessar hönnunarleiðbeiningar eru unnar af samstarfshópi um þróun samgöngukerfa fyrir hjólreiðar samkvæmt samkomulagi milli sveitarélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar.¹

FULLTRÚAR SVEITARFÉLAGA OG VEGAGERÐARINNAR Í SAMSTARFSHÓPNUM:

- Kristinn J. Eysteinnsson, Reykjavík. Formaður hópsins.
- Baldur Pálsson, Seltjarnarnes
- Bjarki Valberg, Kópavogur.
- Björg Helgadóttir, Reykjavík.
- Guðbjörg Brá Gísladóttir, Garðabær.
- Helga Stefánsdóttir, Hafnarfjörður.
- Katrín Halldórsdóttir, Vegagerðin
- Tómas G. Gíslason, Mosfellsbær

EFLA VERKFRÆÐISTOFA VAR RÁÐGJAFI SAMSTARFSHÓPSINS:

- Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
- Arna Kristjánsdóttir
- Bryndís Friðriksdóttir
- Ragnar Gauti Hauksson
- Sigurður Örn Jónsson

LIÓSMYNDIR

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir nema annað sé tekið fram.


¹ Samkomulag svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar frá 17. apríl 2015.

2.5 Hjólastígakerfið

Hjólastígar eru flokkaðir í stofnstíga, tengistíga og aðra stíga. Líkt og stofnbrautir vegakerfisins, tengja stofnstígar saman sveitarfélög, innviði þeirra og atvinnusvæði. Stofnstígar hjólréiða eru hjólareinar eða hjólastígar. Í undantekningatilfellum getur hluti stofnleiðar hjólréiða verið í bland við umferð akandi. Stofnstíganetið er tiltölulega gróft með möskvastærð 500-750 m en getur verið þéttara á miðsvæðum. Leitast ætti við að halda þverunum í lágmarki. Stofnstígakerfi hjólréiða á að vera aðlaðandi, auðratað, auðskilið, greiðfært og öruggt. Almenn ætti að miða við að hjólaíð í stofnstígakerfinu sé ekki meira en 25 % lengri en loftlína eða að minnsta kosti jafn bein og leið bíls. Vegvísar og leiðamerkingar eru notaðar á stofnstíga.

Aðrir stígar eru almenna stígakerfið sem liggur innan hverfa og tengir saman heimili, skóla, verslanir, biðstöðvar almenningsvagna, atvinnuhúsnæði o.s.frv. Þeir stígar geta verið hjólastígar eða hjólareinar en oft er um blandaða göngu- og hjólastíga að ræða. Í íbúðargötum þar sem umferð er lítil og ekki hröð má reikna með að hjólað sé á götu í bland við aðra umferð.

Tengistígar tengja stofnstíga saman og við almenna stígakerfið. Þeir eru sambærilegir stofnstígum en blöndun ferðamáta, akandi og hjólandi sem og gangandi og hjólandi er ásættanlegri, nema umferð hjólandi sé þeim mun meiri svo sem við skóla eða stóra vinnustaði (tafla 1).



MYND 6 Skýringarmynd af yfirborðsmerkingum hjólareina.

TAFLA 3 Fjarlægðir við ákvörðun á rýmisþörf. Gefin eru upp tvö gildi í hverju tilfelli, æskileg fjarlægð og lágmarksfjarlægð.

		Hjólastígur			
		Einstefna		Tvístefna	
		Æskilegt [m]	Lágmark [m]	Æskilegt [m]	Lágmark [m]
v	frá enda slitlags	0,10	0,00	0,10	0,00
	frá kantsteini, rifflum eða sambærilegu	0,25	0,10	0,25	0,10
h*	frá stakri hindrun hærri en 0,2m (staurar, tré)	1,00	0,50	1,00	0,50
	frá langsum hindrun hærri en 0,2m (grindverk, handrið, veggur)	0,65	0,50	0,65	0,50
a	milli tveggja hjólréiðamanna			0,75	0,30
	milli hjólastígs og göngustígs	0,50	0,10	0,50	0,10
	milli hjólastígs og akbrautar (≤50 km/klst)	0,50	0,10	1,50	0,70

*hugsanlega stærra með fram samfelldri hindrun til að hafa rúm fyrir snjóruðning. Samkvæmt hönnunarleiðbeiningum Vegagerðarinnar á að vera 1 m frá kanti reiðhjólstígs að umferðarskilti eða ljósastólpa

TAFLA 6 Viðmiðunarbreyddir mismunandi hluta stígs.

		Æskileg breidd [m]	Lágmarks breidd [m]
Hjólastígur	Tvístefnustígur	≥2,5	2,5
	Einstefnustígur	≥2,2	1,8*
Göngu- stígur**	Göngustígur	≥2,0	2,0
	Sameiginlegur stígur	≥3,0	3,0

* Algjört lágmark, 1,3 m. Eins stuttan kafla og hægt er. Skoða sérstaklega áhrif á rekstur og viðhald.

** Sé göngustígur þétt upp við samfellda hindrun svo sem girðingu eða húsvegg er æskilegt að hann sé a.m.k. 0,5 m breiðari en hér kemur fram.

Stofnleiðir hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu

Í janúar 2020 hófst vinna við skilgreininingu stofnhjólanets höfuðborgarsvæðisins. Vinnan er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga sem var undirritaður í lok september 2019 sem felur í sér sameiginlega stefnu í uppbyggingu samgöngunnviða til fimmtán ára (2019 -2033), þ.á.m. innviða fyrir hjólreiðar.

Markmið verkefnis var að:

- ákveða hvaða innviðir (stígar og aðrar lausnir) verða byggðir á næstu 15 árum með fjármagni úr sáttmálanum.
- raða völdum framkvæmdum í forgang sem ræðst af mikilvægi leiðanna.
- áætla hönnunar- og framkvæmdakostnað fyrir hverja leið eða legg.


Niðurstöður verkefnisins eru fyrstu skrefin í átt að framkvæmdum á stofnleiðum og verða endurskoðaðar reglulega og eftir þörfum.

Afurðir (birtar með fyrirvara um breytingar)

-  [Tillaga að stofnleiðaneti hjólreiða, tengistígum og uppbyggingu aðskilda stofnleiða til 2033](#)
-  [Tillaga að forgangs röðun uppbyggingar](#)
-  [Kynning á vinnu starfshóps \(Vegagerðin\)](#)
-  [Minnisblað EFLU dags. 21.01.2020](#)

Nafn
u (SSH)

Dags




Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Tegund hjólaleiða
- Stofnleiðir - núverandi
- Stofnleiðir - framtíð




Hjólaleiðanet höfuðborgarsvæðisins

Stofnleiðir og tengileiðir




Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Tegund hjólaleiða
- Stofnleiðir - núverandi
- Stofnleiðir - framtíð
- Tengileiðir
- Tengileiðir - framtíð



Hjólaleiðanet höfuðborgarsvæðisins

Forgangsröðun uppbyggingar stofnleiða 2020-2033



Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024




Tilgangur og markmið þróunaráætlunar

- Upplýsa um uppbyggingaráform sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- **Fjögurra ára stöðutaka – brúa vegferðina til 2040**
- Samræma áform sveitarfélaga – gerist þess þörf
- Mæta fólksfjölgun með ábyrgð og skynsemi
- Vinna að markmiðum svæðisskipulags: Höfuðborgarsvæðið 2040 (samb. 2015)
- Meginþunga vaxtar verði beint á kjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfallið fari úr 30% í 66%
- Fólksfjölgun verði mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli.



Ný mannfjöldaspá 2020 - 2024



MANNFJÖLDASPÁ 2020-2024, áætlaður mannfjöldi í árslok 2024

Samkvæmt	Mannfjöldi í árslok 2019	Mannfjöldi í árslok 2024	Fjölgun frá 2019	Fjölgun í %
Háspá		249.636	16.602	7,0%
Miðspá	233.034	243.220	10.220	4,3%
Lágspá		238.963	5.929	2,5%
ÞÁ 2015-18	227.000	234.000 (2022)		

Áætluð þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði 2020-2024 (2021 út 2024)

Samkvæmt	Vegna fólks- fjölgunar	Uppsöfnuð þörf	Samtals íbúðapörf	Árlegt meðaltal
Háspá	5.000	2.200	7.200	1.800
Miðspá	3.000	2.200	5.200	1.300
Lágspá	1.800	2.200	4.000	1.000

Tafla 5.2: Íbúðir. Heimildir í gildandi skipulagi sem ekki er búið að virkja, ásamt áætluðum heimildum í þróun og til framtíðar


Sveitarfélag	Núv. íbúðir	A	A1	A2	B	C	C1	C2	Alls	% af núv.
Reykjavík	53.700	4.760	2.550	2.210	7.960	21.680	8.310	13.370	34.440	64%
Kópavogur	14.063	820	780	40	2.810	2.100	650	1.460	5.730	41%
Seltjarnarnes	1.727	170	0	170	0	0	0	0	170	10%
Garðabær	6.149	1.270	1.130	140	1.370	5.190	2.610	2.580	7.820	127%
Hafnarfjörður	10.255	490	170	320	4.020	4.310	2.880	1.430	8.820	86%
Mosfellsbær	4.035	490	290	200	390	3.890	2.000	1.890	4.770	118%
Kjósarhreppur	104	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
Samtals	90.033	7.990	4.920	3.080	16.550	37.170	16.450	20.730	61.710	69%

Tafla 5.1: Skýringar

Flokkar	
A	Heimildir í samþykktu deiliskipulagi
A1	á svæðum þar sem framkvæmdir eru hafnar
A2	á svæðum þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar
B	Deiliskipulag í vinnslu
C	Þróunarsvæði
C1	þróunarsvæði
C2	framtíðarsvæði / lauslegar hugmyndir

Áætluð íbúðaruppbygging m.v. skapalón

- Áætluð íbúðarbygging um **8.000** íbúðir 2021-2024, um 2.000 íbúðir á ári




Mynd 4. Áætlanir um uppbyggingu íbúðarhúsnaðis á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2021-2024 skv. skráningarskjölum sveitarfélaganna, ásamt meðaltölum tímabilanna 1999-2019 (græn lína) og áranna 2016-2019 (fjólublá lína).

**Hvernig var
að koma í
starfið?**



1. Sameiginleg sýn – nær gegnum breytingar - frumkvæði
2. Skerpir fókus í verkefnavinnu, samtali við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf
3. Svæðisskipulag er upphaf á vinnu – ekki endir



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Sýn 2040



“Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknastofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórri nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir.”

Tenging áfangastaða- og markaðsstofu við leiðarljós svæðisskipulagsins:

Aukin alþjóðleg samkeppni: Höfuðborgarsvæðið býður upp á eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk, fyrirtæki og fjárfestingar. Kjarnar með nútíma samgöngum skapa möguleika á spennandi uppbyggingu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi um alla borgarbyggðina.

Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins: Sveitarfélögin eiga í nánú samstarfi og styðja við framfylgd á stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 til að tryggja sjálfbærar vöxt og hagkvæma byggðapróun.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er sett fram framtíðarsýn til ársins 2040 þar sem kemur skýrt fram að höfuðborgarsvæðið ætli að vinna sameiginlega að því að laða að sér gesti.


Þessi sýn hefur verið afar mikilvægt leiðarljós í samtali við hagaðila varðandi það verkefni sem ég hef verið að vinna að í tengslum við mögulega áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið en svæðið hefur ekki unnið sameiginlega að ferðamálum hingað til.

Verkefnið hinsvegar rýmar við þá sýn og þær áherslur sem koma fram í svæðisskipulaginu t.d. um aukna alþjóðlega samkeppni og árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins. Það gerir það að verkum að það er hægt að sýna og rökstyðja af hverju það er þörf á verkefninu og að það styðji við þá framtíðarsýn sem hefur verið sett fram af öllu svæðinu í heild sinni og þar með auðveldar það sameiginlega ákvörðunartöku.




Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi

Viðfangsefnið er vöxtur



Viðfangsefnið er vöxtur





Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Kynning fyrir Austurbrú

Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)

3. júní 2021